

## AUGLÝSING

### um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

|   | kr.      |
|---|----------|
| 1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga . . . . .  | 1 880,00 |
| 2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma . . . . .  | 675,00   |
| 3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði . . . . .   | 675,00   |
| 4. Fyrir tilkynningu um breyting á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) . . . . . | 675,00   |
| 5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum . . . . .   | 155,00   |
| 6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar . . . . .   | 880,00   |
| 7. Fyrir fjármark (brennimark innifalið) . . . . .  | 165,00   |
| 8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross . . . . .   | 95,00    |
| 9. Fyrir innköllun . . . . .  | 880,00   |
| 10. Fyrir auglýsingu um skiptafund . . . . .  | 350,00   |
| 11. Fyrir ógildingarstefnu . . . . .  | 1 120,00 |
| 12. Fyrir dómsbirtingu . . . . .  | 1 120,00 |
| 13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum . . . . .   | 500,00   |

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 78,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 12. júní 1984. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 495 12. júlí 1983 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1984.*

**Jón Helgason.**

*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á landnotkun í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. maí 1984 staðfest uppdrátt af lóð fyrir stálverksmiðju austur af Stekkjarvík í Vatnsleysustrandarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1984.*

F. h. r.

**Hallmírum Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*